

Verðbréfun hf

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 14

Verðbréfun hf

kt. 630899 - 2579

Austurstræti 11, 101 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er kaup og eignarhald safna fasteignaveðlána af Landsbanka Íslands hf. og að standa að eigin fjármögnun með útgáfu markaðshæfra skuldabréfa. Félaginu er óheimilt að stunda aðra starfsemi en að framan greinir, þ.á.m. lánstarfsemi og verðbréfavíðskipti, nema hún tengist beint daglegri starfsemi félagsins.

Starfsemin á árinu

Landsbanki Íslands hf. er rekstraraðili Verðbréfunar hf. samkvæmt rekstrarsamningi. Með vísan til ákvæða samningsins var þóknun til Landsbankans enginn vegna ársins 2007. Er þar vísað til ákvæða vegna rekstrarniðurstöðu Verðbréfunar hf.

Starfsemin hjá Verðbréfun hf. hefur verið í lágmarki á árinu 2007. Fasteignamarkaður hefur verið að leita í jafnvægi og hefur dregið verulega úr uppgreiðslu á lánum Verðbréfunar hf. Údráttur skuldabréfa Verðbréfunar hf hefur verið í jafnvægi við uppgreiðslur lána á árinu 2007. Áætlanir gera ráð fyrir óbreyttum rekstri á árinu 2008. Fjárhagsleg áhætta félagsins felst í því að útlán muni ekki innheimtast og er Landsbanka Íslands hf. falið að vakta það ásamt framkvæmdastjóra félagsins.

Ársreikningur Verðbréfunar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) en félagið tók staðlana upp í ársbyrjun 2007. Heildaráhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IFRS) á eigið fé félagsins í ársbyrjun 2007 er að bókfært eigið fé hækkar um 8.5 millj. eða úr kr. 2.3 millj. í kr. 10.8 millj. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Eignaraðild

Í lok árs 2007 voru tveir hluthafar að félaginu og skiptist hlutaféð á þennan hátt:

Landsbanki Íslands hf.	99%
Landsbankinn - Fjárfesting hf.	1%

Stjórn Verðbréfunar hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008

Stjórn:

Yngvi Örn Kristinsson

Gunnar Viðar

Hermann Jónasson

Framkvæmdastjóri:

Haukur Agnarson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Verðbréfunar hf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Verðbréfunar hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 31. mars 2008

PricewaterhouseCoopers hf

Jón H. Sigurðsson

Vignir Rafn Gíslason

Rekstrareikningur ársins 2007

	Skýr	2007	2006
Vaxtatekjur		47.944.688	62.111.758
Vaxtagjöld		(49.157.798)	(67.339.406)
Hreinar vaxtatekjur	6	(1.213.110)	(5.227.648)
Aðrar tekjur		431.468	9.334.907
Rekstrartekjur samtals		(781.642)	4.107.259
Annar rekstrarkostnaður	7	2.050.759	1.925.956
Rekstrargjöld samtals		2.050.759	1.925.956
Rekstrarhagnaður fyrir skatta		(2.832.401)	2.181.303
Reiknaðir skattar		509.832	(392.634)
(Tap) hagnaður ársins		(2.322.569)	1.788.669

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýr	31.12.2007	1.1.2007
Kröfur á lánastofnanir		14.013.816	22.960.465
Lán og kröfur	8	388.251.460	420.554.755
Aðrar eignir		<u>17.786.920</u>	<u>21.213.646</u>
		420.052.196	464.728.866
Eignir samtals		<u><u>420.052.196</u></u>	<u><u>464.728.866</u></u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	9	411.143.332	453.090.237
Skattskuld		262.230	772.061
Aðrar skuldir		<u>147.681</u>	<u>45.046</u>
Skuldir samtals		411.553.243	453.907.344
Eigið fé			
Hlutfé		10.000.000	10.000.000
Varasjóður		667.024	667.024
Óráðstafað eigið fé		<u>(2.168.071)</u>	<u>154.498</u>
Eigið fé samtals		8.498.953	10.821.522
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>420.052.196</u></u>	<u><u>464.728.866</u></u>

Eiginfjárfirlit 31. desember 2007

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<i>Eigið fé 1. janúar 2006, samkv. IFRS</i>	10.000.000	594.861	(9.732.459)	862.402
Framlag í varasjóð		72.163	(72.163)	0
Hagnaður ársins			1.788.669	1.788.669
Breytingar vegna IFRS			8.170.451	8.170.451
<i>Eigið fé 31. desember 2006, samkv. IFRS</i>	<u>10.000.000</u>	<u>667.024</u>	<u>154.498</u>	<u>10.821.522</u>
<i>Eigið fé 1. janúar 2007, samkv. IFRS</i>	10.000.000	667.024	154.498	10.821.522
Tap ársins			(2.322.569)	(2.322.569)
<i>Eigið fé 31. desember 2007, samkv. IFRS</i>	<u>10.000.000</u>	<u>667.024</u>	<u>(2.168.071)</u>	<u>8.498.953</u>

Yfirlit um Sjóðstreymi ársins 2007

	Skýr	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		(2.322.569)	1.788.669
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Aðrir rekstrarliðir	13	<u>2.460.715</u>	<u>828.720</u>
		138.146	2.617.389
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		3.426.726	21.482
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(407.196)</u>	<u>26.954</u>
		3.019.530	48.436
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>3.157.677</u>	<u>2.665.825</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Breyting á verðbréfaeign		68.210.521	162.284.870
Fjármögnunarhreyfingar			
Aukning (lækkun) langtímalána		(48.314.848)	(98.807.985)
Greitt af langtímalánum		<u>(32.000.000)</u>	<u>(146.000.000)</u>
		(80.314.848)	(244.807.985)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(8.946.649)	(79.857.290)
Handbært fé í upphafi ársins		<u>22.960.465</u>	<u>102.817.755</u>
Handbært fé í lok ársins	13	<u><u>14.013.816</u></u>	<u><u>22.960.465</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Verðbréfun hf. er með starfsemi og aðsetur á Íslandi. Tilgangur félagsins er kaup og eignarhald safna fasteignaveðlána af Landsbanka Íslands hf. og að standa að eigin fjármögnun með útgáfu markaðshæfra skuldabréfa. Félaginu er óheimilt að stunda aðra starfsemi en að framan greinir, þ.á.m. lánastarfsemi og verðbréfavíðskipti, nema hún tengist beint daglegri starfsemi félagsins.

Verðbréfun hf. er með rekstrarsamning við Landsbanka Íslands hf. um að annast allan daglegan rekstur félagsins.

Stjórn Verðbréfunar hf. samþykkti ársreikning Verðbréfunar þann 31.mars 2008.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir ársreikninga sem samþykktir voru af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (IASB) og síðar teknir upp í íslensk lög árið 2005. Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Við gerð ársreiknings félagsins var uptaka IFRS staðli nr. 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, beitt. Ársreikningur inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu félagsins og fjárhagsstöðu í árslok eða í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðanna á fjárhagsstöðu félagsins, afkomu og sjóðstreymi er að finna í skýringu 5. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu félagsins eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006. Einnig er leiddur út samanburður á milli reikningsskilaaðferða í töflum í skýringu 5 eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

2.2 Matsaðferðir

Ársreikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs. Engar eignir eða skuldir eru metnar miðað við aðferðafræði gagnvirðis.

2.3 Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningur er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum nema annað sé tekið fram.

2.4 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér í skýringum hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og jafnframt við gerð upphafsefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS).

2.5 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýringar

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað félagið sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afsláttum.

2.6 Aðrar tekjur

Til annarra tekna teljast þjónustutekjur, innheimtutekjur, seðilgjöld, álag og allar þær tekjur sem ekki flokkast sem vaxtatekjur. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikning félagsins þegar þær falla til.

2.7 Fjáreignir - Lán og kröfur

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar.

Lán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði. Lán og kröfur Verðbréfunar hf. eru óskráð útlán sem félagið hefur keypt af lánastofnunum. Ekki eru fyrirátlanir um að selja þau í framtíðinni.

Lán og kröfur eru metin á afskrifuðu kostnaðarvirði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir og verðbætur eru færð sem hluti af bókfærðu verði lán og krafna í lok ársins.

Ekki er færð virðisryrnun vegna lán og krafna í lok ársins þar sem ekki eru neinar vísbendingar sem gæfu tilefni til niðurfærslu vegna þeirra. Engar óefnislegar eignir hjá félaginu.

2.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, kröfum á lánastofnanir og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skulda við lánastofnanir í efnahagsreikningi.

2.9 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

2.10 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikingshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll (og lög) sem hafa verið lögleidd eða því sem næst lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattineign er innlest eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaðar skattineignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

Skýringar

2.11 Lántaka

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum áföllnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Útgáfa 1999

Heildarútgáfa safnbréfaflokks 1999 nr. 1 og 2 er 1.753.000.000 kr. að nafnvirði og er útgáfudagur flokksins 1. september 1999. Safnbréfin greiðast upp með einni afborgun, þann 1. september 2029, ef bréfin hafa ekki verið dregin út og innleyst fyrir þann tíma. Skuldin er bundin vísitölu neysliverðs til verðtryggingar með grunnviðmiðun 190,2 stig. Skuldin ber fasta vexti 4,75% og greiðast frá útgáfudegi.

Útgáfa 2002

Heildarútgáfa safnbréfaflokks 2002 nr. 1 er 835.000.000 kr. að nafnvirði og er útgáfudagur flokksins 31. desember 2002. Safnbréfin greiðast upp með einni afborgun, þann 1. desember 2032, ef bréfin hafa ekki verið dregin út og innleyst fyrir þann tíma. Skuldin er bundin vísitölu neysliverðs til verðtryggingar með grunnviðmiðun 223,7 stig. Skuldin ber fasta vexti 5,75% og greiðast frá útgáfudegi.

3. Mikilvæg atriði er varða reikningshaldslegt mat

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

4. Fjárhagsleg áhættustjórnun

4.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér áhættu á að greiðslufall verði á lánum og kröfum. Öll lán og kröfur félagsins eru tryggð með veðum í fasteignum og miðast á áhættustjórnun félagsins að aðgerðum til þess að draga úr mismun á núvirði lánsins gagnvart veðandlagi þess við skilyrði greiðslufalls.

Áhættustýring er í höndum sérstakrar deildar hjá Landsbanka Íslands hf.

4.2 Útlánaáhætta og mat á útlánaáhættu

Stærsti áhættuþáttur í starfssemi Verðbréfunar hf er útlánaáhætta, þ.e að útlán sé ekki endurgreitt að fullu. Útlánaáhætta er sú áhætta að lántaki eða mótaðili í viðskiptum geti ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Útlánaáhættu er stýrt með því að setja mörk um viðunandi áhættu gagnvart einstökum lántökum eða hópum lántaka, tilteknum landsvæðum eða atvinnugreinun. Slíkir áhættuþættir eru undir stöðugu eftirliti og eru endurskoðaðir reglulega. Útlánaáhættu er einnig stýrt með reglulegu mati á láns hæfi viðskiptavinar, breytingum á útlánaheimildum eða með að afla betri trygginga fyrir skuldbindingum viðskiptavinar. Með vísan til rekstrarsamnings milli Verðbréfunar hf og Landsbanka Íslands hf. er sá síðarnefndi með eftirlitshlutverk á útlánasafni Verðbréfunar hf.

Einn af grundvallarþáttum við mat á umfangi útlánaáhættu er mat á vanskilum með skilviku flokkunarkerfi útlánaáhættu. Félagið metur í samvinnu við útlánamat Landsbanka Íslands hf. mat á viðskiptamönnum með því að flokka þá niður eftir útlánastöðum og áhættustöðu. Mismunandi aðferðum er beitt við að flokka og meta viðskiptavini og lánastöður en þeim er öllum sameiginlegt að flokka útlán eftir áhættu og segja fyrir um vanskil. Hver útlánaflokkur er tengdur vanskilalíkani.

Skýringar

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu útlánaáhhættu félagsins 31. desember 2007 og 2006 án tillit til útlánatrygginga eða útlánamats. Eignir í efnahagsreikningi eru hreinir eignaliðir eins og þeir koma fram í efnahagsreikningi félagsins.

Áhættustaða liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi:

	Hámark útlánastöðu	
Lán til einstaklinga	2007	2006
– Veðlán	388.251.460	420.554.755
– Önnur lán	0	0
Samtals útlánaáhhætta	388.251.460	420.554.755

Í árslok 2007 voru tvö lán í vanskilum hjá Verðbréfun hf. og er það mat stjórnenda að ekki þurfi að afskrifa útlánatöp vegna þeirra. Í árslok 2007 er ekki til staðar afskriftarreikningur útlána hjá Verðbréfun hf.

Útlán og kröfur

Eftirfarandi tafla sýnir heildarstöðu útlána og krafna á viðskiptamenn.

	Einstaklingar - veðlán	
Útlán og kröfur	2007	2006
Engin vanskil eða virðisrýrnun	370.727.580	394.515.675
Vanskil (einn dagur eða meira), engin virðisrýrnun	17.523.880	28.039.080
Virðisrýrnuð staða	0	0
Afskriftareikningur útlána	0	0
Samtala lán og kröfur	388.251.460	422.554.755

Útlán og kröfur í vanskilum en ekki virðisrýrð

Eftirfarandi tafla sýnir útlán og kröfur í vanskilum (einn dagur eða meira) en ekki virðisrýrð, með greiningu á seinkun greiðslna. Taflan sýnir heildarfjárhæð útlánsins ef afborgun er í vanskilum.

	Einstaklingar - veðlán	
Lán og kröfur:	2007	2006
Vanskil allt að 30 dagar	0	26.039.080
Vanskil 30 - 60 dagar	5.553.248	0
Vanskil 60 - 90 dagar	8.058.093	0
Vanskil yfir 90 dagar.	3.912.539	0
Samtals útlán og kröfur í vanskilum en ekki virðisrýrð	17.523.880	26.039.080

Skýringar

5. Yfirlýsing í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

Grundvöllur yfirlýsingar

Beiting IFRS-staðals 1

Ársreikningsskil þessi eru fyrstu reikningsskilin sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) hjá Yfirlýsingudagur reikningsskila Verðbréfunar hf. til IFRS er 1. janúar 2006 og gerir félagið opnunarefnahagsreikning sinn

Afstemming á breytingu eigin fjár

Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Eigið fé samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum 31. desember 2006	2.305.657
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1.1.2007	10.821.522
Breyting eigin fjár vegna upptöku IFRS	8.515.865

Breytingar á eigin fé á árinu 2006

Matsbreytingar :

Áhrif af breytttri meðhöndlun lántökukostnaðar	IAS 18, IAS 39	421.236
Skattaáhrif breytinga	IAS 12	(75.822)
Breytingar á eigin fé á árinu 2006 samtals		345.414

Breytingar á eigin fé 1.1.2006

Matsbreytingar :

Áhrif af breytttri meðhöndlun lántökukostnaðar	IAS 18, IAS 39	9.963.964
Skattaáhrif breytinga	IAS 12	(1.793.513)
Breytingar á eigin fé 1.1.2006		8.170.451

Breytingar á rekstrarreikningi 2006

	Fyrri reikningsskil	Mats-breyting	Breyting í framsetningu	IFRS	
Vaxtatekjur og verðbætur	62.111.758	0	0	62.111.758	Vaxtatekjur
Aðrar rekstrartekjur	18.170.252	0	(8.835.345)	9.334.907	Aðrar rekstrartekjur
Vaxtagjöld og verðbætur	(76.595.987)	421.236	8.835.345	(67.339.406)	Vaxtagjöld
Annar rekstrarkostnaður	(1.925.956)	0	0	(1.925.956)	Rekstrarkostnaður
Reiknaðir skattar	(316.812)	(75.822)	0	(392.634)	Reiknaðir skattar
Hagnaður ársins	1.443.255	345.414	0	1.788.669	Hagnaður ársins

Skýringar

Breytingar á efnahagsreikningi frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Fyrri framsetning	31.12.2006	Mats-breyting	Breyting í framsetningu	1.1.2007 IFRS	Framsetning skv.
Verðbréf með föstum tekjum	420.554.755	0	(420.554.755)	0	
Tekjuskatts inneign	1.097.275	(1.869.335)	772.061	0	
Eignfærð afföll og stimpilgjöld	10.584.580	10.385.200	(20.969.780)	0	
Aðrar skammtímakröfur	243.867	0	(243.867)	0	
Handbært fé	22.960.465	0		22.960.465	Kröfur á lánastofnanir
			420.554.755	420.554.755	Lán og kröfur
			21.213.646	21.213.646	Aðrar eignir
Eignir samtals	455.440.942	8.515.865	772.060	464.728.866	Eignir samtals
Lántaka	453.090.237	0	0	453.090.237	Lántaka
Aðrar skammtímaskuldir	45.046	0	(45.046)	0	
			772.061	772.061	Skattskuld
			0	45.046	Aðrar kuldir
Eigið fé	2.305.659	8.515.863	0	10.821.522	Eigið fé
Skuldir og eigið fé samtals	455.440.942	8.515.863	772.060	464.728.866	Skuldir og eigið fé

Skýringar

6. Hreinar vaxtatekjur

	2007	2006
Vaxtatekjur		
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	604.817	711.990
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	47.339.871	61.399.768
	<u>47.944.688</u>	<u>62.111.758</u>
Vaxtagjöld		
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	49.157.798	67.339.406
Vaxtagjöld af annarri lántöku	0	0
	<u>49.157.798</u>	<u>67.339.406</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>(1.213.110)</u>	<u>(5.227.648)</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta	1.570.687	1.397.026
Annar kostnaður	480.072	528.930
	<u>2.050.759</u>	<u>1.925.956</u>

8. Lán og Kröfur

	31.12.2007	1.1.2007
Nafnverðseign með verðbótum	385.039.539	417.269.883
Áfallnir vextir frá gjaldögum	3.211.921	3.284.872
	<u>388.251.460</u>	<u>420.554.755</u>

Engin virðisrýrnun er á lánum og kröfum Verðbréfunar hf í lok ársins 2007.

9. Verðbréfaútgáfa

	31.12.2007	1.1.2007
Safnbref - útistandandi nafnverð	205.000.000	251.000.000
Safnbref - áfallnar verðbætur	120.060.641	105.938.591
Safnbref - áfallnir vextir	86.082.690	96.151.646
	<u>411.143.332</u>	<u>453.090.237</u>